Reykjavík, 28. ágúst 2020
Fundargerð 203. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 28. ágúst var haldinn 203. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 09:30.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Undir liðum 1 til 5, verkefnum á grundvelli almannavarna, sátu fundinn Þóra K. Ásgeirsdóttir deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri og Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.
Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Síðustu tölur

Farið stutt yfir tölfræði síðustu daga. 113 manns eru í einangrun og 1072 í sóttkví. Af þeim eru um 80-90% á höfuðborgarsvæðinu. Smituðum hefur því fækkað milli vikna um 4 einstaklinga, en fjölgað um 633 í sóttkví.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Auglýsing heilbrigðisráðherra, minnisblað sóttvarnalæknis

Farið yfir takmarkanir á skólastarfi vegna farsótta, sem fram kemur í auglýsingu nr. 811/2020. Einnig það sem snýr að frístundaheimilum, félagsmiðstöðvunum og íþróttastarfi.

Eftirfarandi lagt fram:

- Auglýsing um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar. N. 811 dags. 20. ágúst 2020
- Auglýsing um (1.) breytingu á auglýsingu nr. 792/2020, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Nr. 812 dags. 20. Ágúst 2020.
- Auglýsing um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Nr. 825 dags. 25. ágúst 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis um takmarkanir á skólahaldi. Dags. 18. Ágúst 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi takmarkanir á samkomum innanlands vegna COVID-19 eftir 27. ágúst 2020. Dags. 21. Ágúst 2020.
- Stöndum vörð um skólastarf, sameiginleg viljayfirlýsing um leiðarljós í skólastarfi á tímum COVID-19. Ódags.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Ráðstafanir neyðarstjórna og sveitarfélaga

Neyðarstjórnir sveitarfélagana hafa fundað reglulega og samstarf sveitarfélagana og AHS verið mikið á ýmsum sviðum og samráðshópar í gangi. Mest áhersla hefur verið á skóla-, íþrótta- og menningarmál. Auk þessa hafa fulltrúar AHS og sveitarfélagana verið í samráðshópum með almannavörnum ríkisins og viðkomandi ráðuneyta. Rætt um skólamálin og viðbrögð í skólum þar sem upp hafa komið smit, en skólastarfs er nú að hefjast þessa dagana.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Ráðstafanir LRH

Halla Bergþóra lögreglustjóri og Ásgeir Þór yfirlögregluþjónn fór yfir ráðstafanir og verkefni LRH, bæði hvað varðar innra starf LRH og verkefni úti í samfélaginu.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Ráðstafanir SHS

Slökkviliðsstjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni SHS.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Kostnaður vegna COVID-19 fyrstu 6. mánuðina

Slökkviliðsstjóri fór yfir minnisblað um kostnað SHS vegna COVID-19 fyrstu sex mánuði ársins.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað. Áhrif COVID-19 á rekstur SHS til 30. júní 2020. Dags. 26. ágúst 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 10:00.

Næsti fundur verður föstudaginn 4. september.

Fylgiskjöl:

AHS:

- Minnisblað. Áhrif COVID-19 á rekstur SHS til 30. Júní 2020. Dags. 26. ágúst 2020.
- Auglýsing um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar. N. 811 dags. 20. ágúst 2020
- Auglýsing um (1.) breytingu á auglýsingu nr. 792/2020, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Nr. 812 dags. 20. Ágúst 2020.
- Auglýsing um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Nr. 825 dags. 25. ágúst 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis um takmarkanir á skólahaldi. Dags. 18. Ágúst 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi takmarkanir á samkomum innanlands vegna COVID-19 eftir 27. ágúst 2020. Dags. 21. Ágúst 2020.
- Stöndum vörð um skólastarf, sameiginleg viljayfirlýsing um leiðarljós í skólastarfi á tímum COVID-19. Ódags.

SHS:

- Minnisblað. Áhrif COVID-19 á rekstur SHS til 30. Júní 2020. Dags. 26. ágúst 2020.

Dagur B. Eggertsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Gunnar Einarsson

Ásgerður Halldórsdóttir

Haraldur Sverrisson